

# Fornleifakönnun vegna vegaf framkvæmda við Arnórsstaðamúla



**Oddgeir Hansson og Hildur Gestsdóttir**

Með viðauka eftir Magnús Á. Sigurgeirsson



**Fornleifastofnun Íslands**

**FS325-06281**

**Reykjavík 2006**

Forsíðumyndin: Horft til austurs yfir rústir réttar á vesturbakka Gilsár

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

Inngangur .....	4
Framkvæmd .....	6
Niðurstöður .....	8
Skurður 1.....	8
Skurður 2.....	9
Fornleifaskráning .....	13
NM-118 Skjöldólfsstaðir .....	15
NM-119 Arnórsstaðir.....	16
Samantekt.....	19
Heimildir .....	20
Viðauki 1. Gjóskulagagreining .....	21
Viðauki 2. Einingaskrá.....	22
Viðauki 3. Fornleifakort.....	23

## Inngangur

Fyrirhuguð er tilfærsla á vegarstæði Hringvegur (vegnúmer 1) þar sem hann liggur um Arnórstaðamúla meðfram Gilsá. í Norður-Múlasýslu. Er ætlunin að færa vegstæðið norður fyrir ána og er um að ræða um 8 km langan kafla sem nær frá Ármótaseli norðan við Víðidalsá og niður að Skjöldólfsstöðum 2 í Jökuldal. Liggur framkvæmdasvæðið um lönd bæjanna Gilsár, Skjöldólfsstaða 1 og 2 og Anórstaða 1 og 2.<sup>1</sup>

Þann 2. febrúar 2006 hafði Magnús Björnsson verkefnastjóri hjá Vegagerðinni samband við Minjavörð Austurlands Ingu Sóleyju Kristjónudóttur vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Fyrir fram var vitað um rústir eyðibýlisins Ármótasels, sem eru skammt sunnan við nýju veglínuna en að öðru leyti lá ekki fyrir vitneskja um fornleifar sem þar kynnu að leynast, þar sem ekki hafði farið fram markviss fornleifaskráning á svæðinu. Í ljósi þessa fór minjavörður því á staðinn þann 3. febrúar og gekk veglínuna, og greinir hún frá niðurstöðum sýnum í bréfi til Magnúsar sem dagsett er 6. febrúar 2006:

*“Heiðarbýlið Ármótasel var upphaflega sel frá Arnórstöðum og byggðist fyrst um það fór í eyði árið 1943. Greinilegar tóttir eftir bæjarhús og útihús. Útskot er á vegi og skilti við tóttirnar en núverandi vegur fer skammt sunnan við þær. Hin fyrirhugaða nýja veglína liggur norðan megin við Ármótaselið skammt sunnan eldri vegar. Útlit er fyrir að umferð færist fjær minjunum með hinni nýju veglínu og er það gott. Æskilegt væri þó að hin nýja veglína fylgdi eldri vegarslóða sem er fjær rústunum ef mögulegt er... Minjavörður gekk fyrirhugaða veglínu þann 3. febrúar. Ekki var aðrar minjar að sjá á yfirborði...”<sup>2</sup>*

Síðar barst ábending til Minjavarðar frá Vegagerðinni um fornleifar sem ekki höfðu fundist við vettvangskönnun og liggur hin nýja veglína yfir þær. Í umsögn minjavarðar um leifarnar dagsett 3 apríl 2006 segir:

*“Skammt vestan Gilsár, þar sem veglína þverar ána eru tóftir eftir fjárhús sem vinnumaður frá Arnórstöðum reisti á 19. öld. Fyrirhuguð veglína um Arnórstaðamúla sker fjárhúsin. Best væri ef hægt*

---

<sup>1</sup> Magnús Björnsson, *Hringvegur. Ármótasel-Skjöldólfsstaðir 2. Kynning framkvæmda. Vegagerðin á Akureyri* 2006.

<sup>2</sup> Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Vegagerðarinnar, dagsett 6. febrúar 2006.

*er að færa veglínu frá tóftinni. Er þá miðað við 20. m fjarlægð. Ef ekki reynist unnt að færa veglínu þarf að fara fram fornleifarannsókn á tóftinni. Gera þyrfti könnunarskurð í gegnum tóftina og yrðu frekari ákvarðanir teknar útfrá niðurstöðum könnunarinnar.”<sup>3</sup>*


Þann 15 maí 2006 fór Vegagerðin svo þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún tæki að sér að gera könnunarskurði í tóftina. Verkið var unnið 13 júní 2006, af Hildi Gestsdóttur fornleifafræðingi og Oddgeiri Hanssyni MA-nema í fornleifafræði og sá hann jafnframt um úrvinnslu og ritun þessarar skýrslu.

---

<sup>3</sup> Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Vegagerðarinnar, dagsett 3. apríl. 2006


## Framkvæmd

Er komið var á vettvang kom strax í ljós að ekki var um að ræða fjárhús eins og kemur fram í umsögn minjavarðar, heldur rústir nokkuð stórrar réttar sem hlaðin er úr torfi og grjóti auk tveggja viðbygginga. Réttin sjálf er um 15 x 12,5 m að stærð og liggur norður-suður en viðbyggingarnar sem eru sambyggðar henni að vestanverðu eru annars vegar um 4x3 m að stærð (sú nyrðri) og um 8 x 4 m að stærð (sú syðri). Eru viðbyggingar sambyggðar og liggja báðar norður-suður. Vélgrafnir voru tveir skurðir, annars vegar í suður-vegg réttarinnar, en hins vegar í norður-vegg nyrðri viðbyggingarinnar.



**Mynd 1: Hér sést staðsetning skurðanna séð úr vestnorðvestri.**

Var markmiðið að afla upplýsinga um aldur þessara mannvirkja og kanna hvort eldri byggingar eða byggingarstig leyndust undir þeim. Voru jarðlög sem sáust í skurðunum skráð, teiknuð, mæld og þeim lýst með hefðbundnum aðferðum auk þess sem teknar voru ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Skurðirnir og rústirnar voru jafnframt mæld upp með alstöð. Þá voru sýni tekin úr gjóskulögum og send til greiningar hjá gjóskulagafræðingi.



**Mynd 2: Alstöðvarteikning af réttinni og skurðunum.**

Í næsta nágrenni við réttina fundust einnig tvær fornleifar til viðbótar, þ.e fjárhús og rétt með svipuðu byggingarlagi og sú sem skurðirnir voru grafnir í. Skal það tekið fram að hvorug þessara rústa er á hinu fyrirhugaða vegstæði, en þó er mögulegt að þær geti orðið fyrir einhverjum áhrifum af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum, t.d vegna umferðar vinnuvéla. Þær voru því skrásettar á hefðbundinn hátt og fylgja þær upplýsingar í þessari skýrslu.

## Niðurstöður

### *Skurður 1*



**Mynd 3: Hluti af vestursniði í Skurði 1**

Skurður 1 var tekin í gengum norður-vegg nyrðri viðbyggingarinnar og var hann 4,6 x 0,6 m að stærð. Í sniðinu sást að veggurinn er hlaðinn úr torfi [003] sem innihélt mikið af ljósum vikri sem ættaður er úr Öskjugosi árið 1875 samkvæmt greiningu gjóskulagafræðings og veggurinn því hlaðinn eftir 1875. Þá sáust einnig nokkur torfhrunslög [002] & [005] úr veggnum sem einnig voru rík af sama vikrinum. Engin góflög sáust í þeim hluta skurðarins sem var inni í tóftinni og því ólíklegt að þetta mannvirki hafi verið undir þaki. Engin ummerki sáust um eldri mannvirki í skurðinum og engir gripi fundust. (Sjá nánar sniðteikningu hér neðar, sem og einingaskrá í Viðauka 2).





Mynd 4: Horft suður eftir Skurði 1

## Skurður 2

Skurður 2 var grafinn í gegnum suðurvegg réttarinnar og var hann 6,8 x 0,8 m að stærð. Í sniðinu sást vel að veggurinn var hlaðinn með ytra birgði úr torfi [010] og innra birgði úr grjóti [011] og moldarfyllingu [012] á milli. Grjóthleðslan hafði þó gegnið nokkuð til. Var torfið ríkt af Öskjuvikrinum frá árinu 1875 og því ljóst að réttin hefur verið hlaðin eftir þann tíma. Vikurinn frá 1875 lá á sínum stað beint undir grassverði inni í réttinni, en þar sáust engin mannvistarlög. Líklegasta skýringin á því er að þau lög sem gætu hafa myndast þegar



Mynd 5: Hluti af vestur-snið í skurði 2


réttin var í notkun hafi blásið í burtu, þar sem mannvirkið hefur ekki staðið undir þaki. Eins var um þennan skurð og Skurð 1 að ekki sást ummerki um eldri mannvirki eða byggingarstig undir réttinni og engir gripir fundust. (Sjá nánar sniðteikningu hér neðar, sem og einingaskrá í Viðauka 2).



**Mynd 6: Horft norður eftir skurði 2**



Mynd 7: Vestur-snið í skurði 1



Mynd 8: Vestursnið í skurði 2


## **Fornleifaskráning**

Það skal tekið fram að ekki fór fram nein reglubundin skráning á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Hins vegar fundust, eins og fram hefur komið, tvær tóftir í næsta nágrenni við réttina sem grafin var upp. Þar sem þær liggja nálægt fyrirhuguðu vegstæði þá var ákveðið á skrá þær á vettvangi svo að allar upplýsingar um þær liggi fyrir þegar framkvæmdir hefjast.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer. Fær réttin sem skurðirnir voru grafnir í td. númerið NM-119:023 Fornleifaskrá hveirrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hveirrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um

„heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist,



Mynd 9: Dæmi um hvernig á skráning á dæmigerðum minjastað lítur

er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í.

Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

## NM-118 Skjöldólfsstaðir

20 hdr. 1695, 1847. Landnámsjörð, Skjöldólfur nam land austan Jökulsár. ÍF I, 294. 1551: Bjarni Einarsson gaf dóttir sinni Málfríði Skjöldólfsstaði og Hjarðarhaga fyrir 30 hdr. DI XII, 302. 1568 eru S nefndir í bréfi. DI XV, 158-159. 1644: "Jón Björnsson selur sr. Einari Jónssyni syni sínum 5 hdr. í Húsavík fyrir 5 hdr. í Skjöldólfsstöðum." Jarðabréf, 273. Býlin Háreksstaðir, Hólmavatn og Lindarsel heiðarbyli sem byggðust á 19. öld úr landi S. Gilsá byggðist árið 1941 á gamalli selstöðu, nú í eyði. "S eru norðan Jökulsár, og nær land milli Ystu-Rjúkandi og Gilsár, um 16 km löng og mjó spilda eftir undirlendinu. Landamörk við Arnórsstaði fylgja Gilsá upp á móts við Skjaldklofahorn fremra og áfram nv. í Eyktagnýpu. Þaðan með hreppamörkum Jökuldalshrepps og Vopnafjarðar norður með Gestreiðarstaðakvísl langt til norðurs undir Kollseyruós í Hofsá. Síðan na. í norðurfót Geldingavatns og þá sa. á Helluhraunsöxl og sjónhending um Sandfellsklauf í efsta foss Ystu-Rjúkandi í heiðarbrún. ... Á 19. öld urðu landamerkjudeilur um heiðina í sambandi við byggðina þar. Þá er talið, að S hafi misst stykki til Hofs, en hafi unnið spildu af Möðrudal, ef rétt er, að áreiðarmenn hafi "fært" nafn Eyktagnýpu af Þrívörðuhálsi þangað sem hún er nú sýnd." SJM I, 261.

1918: Tún 6,7 ha, garðar 375 m<sup>2</sup> "Gamla túnið var greiðfært hólatún að að mestum hluta, grasgefið og venjulega tvislegið. Engjar þóttu ágætar, mýrar og harðvelli í neðra, flóar og laufflákar í heiði; langsótt þangað." SJM I, 262.

**NM-118:033** tóft fjárhús  
Fjárhústóft er skammt austan Gilsár, um 760 m norðnorðvestur frá rétt sem er á vesturbakka árinna og skráð með Arnórsstöðum sem NM-119:023.

Grasi og lyngi gróinn mói, uppblásinn á köflum.

Tóftin er um 22 x 10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist hún í tvö misstór hólf. Stærri hólfíð er um 22 x 8 m að stærð með grjóthlöðnum garða eftir því miðju og eru dyr á austur og vesturgafli. Minna hólfíð sem er sambyggt því stærra austast á suðurvegg, er um 2 x 2 m að stærð og opnast það til vesturs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og nær hleðsluhæðin mest um 1,3 m. Er



**Mynd 10:Fjárhús NM-118:033. Horft í vestsuðvestur**

byggingarlagi veggja þannig hátt að neðri hluti veggjanna er úr grjóti (c.a 6 umför) en að ofanverðu er síðan strengjatorf. Er torfið ríkt af ljósgráum vikri sem samkvæmt greiningu gjóskulagafraeðings er úr Öskjugosi árið 1875, og er því ljóst að fjárhúsið er byggt eftir að hann féll.

**Hættumat:** engin hættu

65°18.334N 15°16.626V

## NM-119 Arnórsstaðir

8 hdr. 1695, 1847. 1455 eru ummerki jarðarinnar talin upp í máldaga Hofteigskirkju. "fra hnuksaa oc j Gilsaa. oc vr siöunda Gýlsárbug. oc i Skialldklofa. og so j ósinn. sem lönguhlijdar lækur kemur i önnur vötn. oc so i Eyktarnípa. oc þadan til vötnum hallar. oc fram i Sandvpsernar fyrir nordan Arnorzstada sel. oc so i lönguhlijdar enda. alltt hnvkzvatn j hnuksaa og so j Jokulsá." DI V, 128. 1570 og síðar eru A nefndi í máldaga Hofteigskirkju. DI XV, 679.

Hofteigskirkjueign. "Landamörk eru við Skjöldólfsstaði að norðan síðan við Möðrudal og Hákonarstaði frá Eyktagnýpu suður í Sænautafell, um Rangárlín, Þrívörðuháls, Botnahraun, Lönghlíð og Kiðufell í Hnúksárupptök við Hnúksvatn og eftir það með ánni niður í Jöklu." SJM I, 265.

1918: Tún 2,3 ha. "Bærin stendur í tæplega 200 m hæð yfir sjó á hjalla eða jafnvel í brekku austan í Arnórsstaðamúlandum og túnið balar og höll og sums staðar svo bratt, að vart er stætt neðam á broddum, grasgefið. Engjar eru harðslægir laufslægju blettir innan um bithaga í hlíðinni heima við, hins vegar góðar, en óra-langsóttar í flóum Víðidals að fjallabaki handan Arnórsstaðahnjúks og Kiðufells." SJM I, 265.

### NM-119:023 tóft rétt

65°17.938N 15°16.363V

Rústir réttar eru norðvestur frá mótum Víðidalsár og Gilsár, á vesturbakka Gilsár. Rústin er í landi Skjöldólfsstaða í dag en ef gamlar landamerkjalyásingar eru skoðaðar þá sést að það er Gilsáin sem skiptir löndum á mótí Skjöldólfsstöðum og er land Arnórsstaða vestan árinna: "Landamörk við Arnórsstaði fylgja Gilsá upp á móts við Skjaldklofahorn fremra og áfram nv. í Eyktagnýpu..."

Á grasi grónum og þýfðum árbakka Um er að ræða rúst nokkuð stórrar réttar sem hlaðin er úr torfi og grjóti auk tveggja viðbygginga. Réttin sjálf er um 15 x 12,5 m að stærð og liggur norður-suður en viðbyggingarnar sem eru sambyggðar henni að vestanverðu eru annars vegar um 4x3 m að stærð (sú nyrðri) og um 8 x 4 m að stærð (sú syðri). Eru viðbyggingar sambyggðar og liggja báðar norður-suður. Veggir réttarinnar og syðri viðbyggingarinnar eru hlaðnir úr strengjatorfi að utanverðu en innra birgði er úr grjóti. Nyrðri viðbyggingin er eingöngu úr torfi. Torfið er mikið til blásið burt ofan af veggjum réttarinnar og virðist réttin við fyrstu sýn eingöngu hlaðin úr grjóti, en er betur er að gáð má enn sjá torfleifar hér og þar, einkum á norðurvegg. Vesturveggur réttarinnar er hvað heillegastur og er hann 1 m á hæð



Mynd 11: Rétt NM-119:023. Horft til austurs.



Mynd 12: Horft í norður á norður-vegg réttarinnar



eða 4 umvörp af hleðslugrjóti. Hinir veggirnir eru að mestu hrundir. Veggir syðri viðbyggingarinnar eru í svipuðu ásigkomulagi og vesturveggur réttarinnar, ná mest um 1 m hæð og eru þeir um mest um 4 umvörp af hleðslugrjóti. Greinilegar dyr eru fyrir miðjum norður-vegg, vestarlega á suðurvegg, og á vesturvegg réttarinnar, þær síðast töldu á milli hennar og syðri viðbyggingarinnar. Fyrirhuguð er lagning nýrrar veglínu á þessum slóðum og fer hún í gegnum Réttina. Réttin telst því í stórhættu vegna vegaf framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta vegna vegaf framkvæmda

**Heimildir:** SJM I, 261



**Mynd 13: Syðri viðbyggingin. Horft í vestur.**



**Mynd 14: Horft austur yfir nyrðri viðbygginguna.**

**NM-119:024** tóft rétt

Um 60 m suðvestur frá rétt 023 er rúst annarar réttar.

Grasi gróinn mói við brekkurætur á árbakka.

Rústin sem er einföld, er um 16 x 10 m að stærð og liggur austur vestur. Rústin er hlaðin utan í brekku sem myndað hefur norður-hlið hennar. Hleðslur eru mikið signar og er hæð þeirra mest um 0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta

65°17.913N 15°16.398V



**Mynd 12: Rétt NM-119:024. Horft í suðvestur**

## **Samantekt**

Þann 13.júní 2006 grófu fornleifafræðingar frá fornleifastofnun Íslands könnunarskurði í rústir á vesturbakka Gilsár, nálægt Arnórsstaðamúla í Norður-Múlasýslu. Verkið var unnið að beiðni Vegagerðarinnar, en fyrirhuguð er tilfærsla á vegstæði Hringvegar númer 1 þar sem hann liggur um Arnórsstaðamúla og sker nýja vegstæðið rústirnar. Var um að ræða rétt og tvær byggingar sem sambyggðar eru henni að vestanverðu. Grafnir voru tveir skurðir, annar í suður-vegg réttarinnar en hinn í norðurvegg nyrðri viðbyggingarinnar. Var markmiðið að grafast fyrir um og aldur þessara minja, sem og að kanna hvort eldri byggingarstig eða byggingar væri að finna undir þeim. Í skurðunum sást að veggir réttarinnar og syðri viðbyggingarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en nyrðri viðbyggingin eingöngu úr torfi. Inniheldur torfið mikið af ljósum vikri sem samkvæmt gjóskulagagreiningu er ættaður úr gosi í Örafajökli árið 1875 og því er ljóst að byggingarnar eru byggðar eftir þann tíma. Engin ummerki sást um eldri byggingarstig eða mannvirki í skurðunum, og fundust engir gripir. Í nágreinni við rústir réttarinnar fundust rústir tveggja annara mannvirkja, þ.e fjárhúss og réttar sem virðist vera með svipuðu byggingarlagi og réttin sem skurðirnir voru grafnir í.. Þótt ekki hafi verið gerð markviss fornleifaskráning á svæðinu, var þó ákveðið að skrá þessar rústir með hefðbundnum aðferðum. Skal það tekið fram að hvorugt þessara mannvirkja eru í hinu fyrirhugaða vegstæði.

## **Heimildir**

Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Vegagerðarinnar, dagsett 6. febrúar 2006

Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Vegagerðarinnar, dagsett 3. apríl. 2006

*Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

Magnús Björnsson, *Hringvegur. Ármótasel-Skjöldólfsstaðir 2. Kynning framkvæmda.*

Vegagerðin á Akureyri 2006.

*Sveitir og jarðir í Múlapingi I-III*, Rv. 1974-76.

# Viðauki 1. Gjóskulagagreining

## Fornleifarannsókn við Arnórsstaðamúla á Jökuldal, N-Múlasýslu Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Fjallalind 123, 201 Kópavogur, [masig@mmedia.is](mailto:masig@mmedia.is) / [ms@gr.is](mailto:ms@gr.is)

Greinargerðin byggir á aðsendum gjóskusýnum, ljósmyndum og vinnuteikningum.

### Niðurstöður

#### Skurður 1 (torfveggur í gerði)

Í skurði 1 er óraskaður jarðvegur undir torfveggnum. Yngsta sjáanlega gjóskulagið er V-1477. Af ljósmyndum að dæma er talsvert af Öskjuvikri í torfinu sem bendir til að veggurinn sé hlaðinn eftir 1875.

#### Skurður 2 (torfveggur í gerði)

Í sniðinu er jarðvegur með óröskuðum gjóskulögum undir garðhleðslunni. Þar má m.a. sjá ljósu gjóskulögin H-1158 og Ö-1362. Yngsta gjóskulagið undir hleðslunni er V-1477 (einnig nefnt “a”-lagið). Í torfinu má sjá allþykkar slitur af ljósu gjóskulagi (vikri) sem vafalítið er Öskjuvikur frá 1875. Ljóst er því að garðurinn er hlaðinn eftir 1875. Sýni af ljósum vikri innan úr gerði var skoðað. Um er að ræða Öskjuvikur. Samkvæmt fylgigögnum er vikurinn undir ca. 10 cm þykkum jarðvegi.

Ekki er hægt að segja með vissu hversu löngu eftir 1875 veggirnir eru hlaðnir en líklegt er þó að það sé nokkrum áratugum eftir Öskjugosið. Þunnt jarðvegslag hefur náð að myndast ofan á gjóskulaginu áður en torfið var skorið. Hugsanlega má fara nokkru nær um aldur gerðisins með því að skoða torfið nánar, þ.e. gjóskulög og jarðvegsþykktir í einstökum hnausum.

## Viðauki 2. Einingaskrá

Eining	Skurður	Lýsing
001	Báðir	Grasrót/yfirborð
002	1	Torfhrun
003	1	Dökkbrúnt hreift, rótaskotið moldarlag
004	1	Torfveggur
005	1	Torfhrun
006	1	Dökkbrúnt óhreift moldarlag
007	1	Óhreifð mold, rík af gjóskulögum
008	2	Dökkbrún rótaskotin og ormétin mold.
009	2	Dökkbrún rótaskotin og ormétin mold.
010	2	Torfveggur
011	2	Grjóthleðsla á innanverðum torfvegg [010]
012	2	Dökkbrún mold. Fylling á milli [010] og [011]
013	2	Ljósgrátt vikurlag. Öskjuvikur frá 1875
014	2	Óhreifð mold, rík af grjóskulögum

## **Viðauki 3. Fornleifakort**